

Til skólustjóra grunnskóla, skólaskrifstofa, sveitarfélaga og hagsmunaaðila.

Samræmd könnunarpróf fyrir 9. bekk verða lögð fyrir dagana 30. apríl til 11. maí í vor og 10. til 14. september næsta haust. Hér að neðan eru upplýsingar um fyrirkomulag þeirra.

Prófdagar og skráning

Í meðfylgjandi bréfi er yfirlit yfir þá daga sem prófin fara fram og í hvaða námsgrein verður prófað úr hvern dag. Unnt er að taka prófin á tímabilinu frá kl. 8:00 til kl. 16:00 en hefja þarf próftöku í síðasta lagi kl. 13:30. **Óskað er eftir að skólustjórar tilkynni Menntamálastofnun hvaða tvo prófdaga skólinn hyggst leggja prófin fyrir í íslensku og ensku.** Einnig þarf að tilkynna hvenær dagsins prófin fara fram. Vinsamlega tilkynnið prófdaga með því að senda tölvupóst á netfangið noi.kristinsson@mms.is fyrir 23. apríl (staðfesting mun berast til baka). Vakin er athygli á að miðað er við að hver skóli haldi bæði prófin annaðhvort að vori eða hausti, sbr. reglugerð [nr. 173/2017](#).

Undanþágur

[Skráning undanþága og stuðningsúrræða](#) verður með sama hætti og áður. Skólar fylla út [eyðublað](#) í samráði við foreldra en skrá undanþágur og stuðningsúrræði inn í Skólagátt. Skráningar frá mars 2018 standa óbreyttar hjá 9. bekk og því þarf einungis að skrá breytingar inn í Skólagátt.

Bent er á að heimildir til undanþágu fyrir nemendur til að þreyta könnunarpróf hafa verið rýmkaðar á þann veg að skólustjórum er heimilt, ef gildar ástæður mæla með því og ef samþykki foreldra liggur fyrir, að veita nemendum undanþágu frá því að þreyta samræmd könnunarpróf (sbr. [ákvæði til bráðabirgða](#) við reglugerð nr. 173/2017). [Hér](#) má nálgast uppfært eyðublað fyrir skráningu undanþága. **Skráningu í Skólagátt á undanþágum og stuðningsúrræðum þarf að ljúka fyrir 19. apríl.**

Birting einkunna

Nú stendur yfir úrvinnsla úr könnunarprófunum sem voru lögð fyrir í mars sl. Stefnt er að því að einkunnir nemenda berist skólunum gegnum Skólagátt

næstkomandi föstudag, 13. apríl. Birting einkunna verður í samræmi við breytingu sem gerð var á reglugerð nr. 173/2017 og niðurstöðu samráðs við hagsmunaaðila. Í því felst að nemendur munu einungis fá einkunnir samkvæmt matskvarða (a, b, c og d) í íslensku og ensku. Einkunnir úr stærðfræðiprófinu verða á sama formi og áður. Samhliða því að fá niðurstöður einkunna mun hver nemandi sjá sýnispróf sem verða aðgengileg í Skólagátt.

Fjarfundir

Boðið verður upp á fjarfundi miðvikudaginn 18. apríl, mánudaginn 23. apríl og föstudaginn 27. apríl. Nánari upplýsingar um fundina munu berast síðar.

Starfsfólk Menntamálastofnunar og starfsmenn Assessment Systems hafa unnið hörðum höndum við að gera úrbætur til að koma í veg fyrir að þau tæknilegu vandamál sem upp komu við próftöku í mars sl. endurtaki sig. Ítarlegri upplýsingar um prófin og framkvæmdina eru á heimasíðu Menntamálastofnunar, m.a. [ítarlegar leiðbeiningar um framkvæmd](#) samræmdra könnunarprófa og upplýsingasvæðið [Spurt og svarað](#).

Starfsmenn Menntamálastofnunar gera sér grein fyrir að endurfyrirlögnin veldur álagi á skóla og við þökkum þann skilning og þolinmæði sem skólar hafa sýnt.

Með kveðju,
Sverrir Óskarsson,
sviðsstjóri matssviðs.